



DALAPÓSTURINN

12. tölublað, 8. árgangur
16. nóvember 2015

Ormahreinsun hunda

Hér með tilkynnist að árleg hundahreinsun fer fram hjá Gísla Sverri Halldórssyni dýralækni að Ægisbraut 19 í Búðardal miðvikudaginn **18. nóvember 2015 kl. 16-18**.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega. Tilgangur hreinsunarinnar er að fyrirbyggja sýkingar hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum. [57. gr. reglugerðar nr. 941/2002]

Skv. gjaldskrá Dalabyggðar fyrir hundahald er hundahreinsun og ábyrgðartrygging innifalin í árlegu gjaldi sem hefur þegar verið innheimt af eigendum skráðra hunda.

Eigendur óskráðra hunda eru vinsamlega beðnir um að skrá hunda sína hið fyrsta á skrifstofu Dalabyggðar. Einnig má skila útfylltu skráningarblaði hjá dýralækni samhliða hundahreinsun og mun þá Dalabyggð greiða hreinsunina og kaupa ábyrgðartryggingu fyrir hundinn.

Hundahreinsun í dreifbýli fer fram samhliða garnaveiki-bólusetningu sauðfjár. Hundaeigendur í dreifbýli sem ekki eiga sauðfé eru beðnir um láta dýralækni vita af þeim hundum svo hægt verði að meðhöndla þá í sömu ferð.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Ormahreinsun katta

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri.

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykkt viðkomandi sveitarfélags skal eigandi eða umráðamaður kattar geyma hreinsunartötuð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er. [58. gr. reglugerðar nr. 941/2002]

Dalabyggð hefur ekki sett samþykkt um kattahald.

Eigendum katta er bent á að hafa samband við Gísla dýralækni varðandi ormahreinsun.

Byggðasafn Dalamanna - sögustundir

Annan hvorn sunnudag fram að áramótum verður dagskrá á Byggðasafni Dalamanna kl. 15.

Sunnudaginn 29. nóvember verður fjallað um *Verzlunarfélag Dalasýslu*.

Sunnudaginn 13. desember mun Jón Jónsson þjóðfræðingur á Kirkjubóli mæta og segja frá jólasveinunum, 84 að tölu.

Sunnudaginn 27. desember verður fjallað um álfa og fleira tengt áramótum.

Allir eru velkomnir, aðgangseyrir er 500 kr og kaffi á könnunni fyrir þá sem það vilja.

Áframhaldandi dagskrá er fyrirhuguð eftir áramót. Hver sá sem hefur efni fram að færa og er tilbúinn að stíga á stökk, getur haft samband við safnvörð. Einnig eru tillögur að viðfangsefnum í vetur vel þagnar.

Sögustundir eru nánar auglýstar á vef Dalabyggðar.

Sælingsdalslaug nóvember 2015

Í nóvember verður Sælingsdalslaug opin á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18 og laugardaga kl. 14-18. Opnunartímar Sælingsdalslaugar og breytingar þar á eru auglýstar á vef Dalabyggðar (dalir.is) og Ungmenna- og tómstundabúðanna (ungmennabudir.is).

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin alla virka daga kl. 10-14 og símatímar kl. 9-13. Síminn er 430 4700 og netfangið dalir@dalir.is. Póstkassi er í anddyrinu fyrir þá sem þurfa að afhenda skjöl utan opnunartíma.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafnið er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Síminn er 430 4720 og netfangið bokasafn@dalir.is.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Engir fastir opnunartímar eru á Héraðsskjalasafni Dalasýslu, en safnið er opið eftir samkomulagi við héraðsskjalavörð.

Í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna efna héraðsskjalasöfn, Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn-Háskólabókasafn til þjóðaráttaks um söfnun og varðveislu á skjölum kvenna. Héraðsskjalasafn Dalasýslu er aðili að áttakinu og tekur við skjölum og öðrum gögnum tengdum konum í Dölum.